

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir austurbæ Vestmannaeyja.

Breytingarnar eru tvíþættar. Annarsvegar er um að ræða stækkun lóðar nr. 19 í Litlagerði um 5 m til vesturs þar sem staðsettur er 5 x 10 m byggingarreitur fyrir bílskúr í vestur lóðarmörkum. Hins vegar er um að ræða nýja lóð í hraunkantinum milli Ásavegs 32a og Búastaðabrautar 9 þar sem reisa á dreifistöð fyrir austurbæinn.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 30. nóvember 2004.*

**Sigurður Smári Benónýsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja.